

Krílakot og Kátakot

Fréttabréf febrúar 2015

VIRÐING
JÁKVÆÐNI
METNAÐUR



Komið sæl

Nú er janúar á enda og veðrið verið þökkalegt. Aftur á móti hafa umgangspæstir verið að angra okkur og mörg börn og kennarar þurft að dvelja heima vegna veikinda. Þetta fer vonandi að taka enda með hækkandi sól.

Porrablótin okkar gengu mjög svo vel. Börn og starfsfólk voru með kórónur/hjálma og sungin voru þorralög yfir borðhaldi. Skemmtilegast fannst börnunum í Krílakoti sá siður að fá að lemja í borðið þegar við sungum lagið Hangikjötslæri og þeim elstu í Kátakoti að standa uppi á stólum og syngja. Það er jú allt leyfilegt á þorrablótum.

Þessa vikuna er tannverndarvika og munu öll börnin fara í gegnum einhverja fræðslu um tennur, óhollt og hollt, hlusta á Kárius og Baktus og/eða horfðu á myndbandið með þeim félögum.

2.febrúar er lokað vegna námskeiðs og skipulagsdags. Þá vinna kennarar að LAP verkefni, þróunarverkefni Vörður leið til læsis og kemur síðan Ingrid Kuhlman og heldur námskeið fyrir starfsfólk. Námskeiðið er um ánægju í starfi og listina að lifa í núinu.

Dagur leikskólans er þann 6. febrúar (sjá dagskrá á næstu síðu) og dagur stærðfræðinnar höldum við þann 9. febrúar. Bolludagur, sprengidagur og öskudagur eru um miðjan mánuð og verður það nánar auglýst síðar. Þann 27.febrúar er svo náttfatadagur í báðum skólum.

Foreldrasamtöl eru nú hafin hjá foreldrum barna á Hólakoti, Skýjaborg og Sólkoti. Kennarar munu hitta foreldra og fara yfir þroskastöðu barnanna. Að loknum samtölum eru foreldrar hvattir til að taka þátt í foreldrakönnun.

Drífa Þórarinsdóttir, leikskólastjóri.

Foreldraráð 2014-2015

Vinum saman að velferð barna okkar og leikskólans.

Freyr (Þórlaug Diljá)

Karl (Briet Þóra)

Gísli Rúnar (Alexandra og Rakel Erla)

Sunna (Úlfur og Álfgrímur)

Myriam (Lea)

Uppbyggingarstefnan

Kennarastólar eru fyrir kennara



Foreldrar eru beðnir um að minna börnin á regluna um kennarastólana. Börn eiga ekki að vera á kennarastólum.

Öryggi



Áhrif

Tilheyra

Frelsi

Gleði



Söguskjóður

Á Haustönn fengu börnin í Kátakoti að njóta Söguskjóðanna og nú er komið að fjölskyldum í Krílakoti. Nú geta foreldrar sem áhuga hafa á að fá Söguskjóðu heim skráð sig í forstofum. Þær skjóður sem við eigum eru:

1. Pétur og úlfurinn
2. Rauðhetta
3. Hvaða hljóð er þetta litla mús
4. Stígvélaði kötturinn
5. Vinaból
6. Mariúbjallan snjalla
7. Arngrímur apaskott
8. Furðufillinn Elmar

Það vantaði því miður mikið í þær eftir haustönnina sem kostaði mikla vinnu hjá kennurum. Það er mikilvægt að allir fari yfir skjóðurnar áður en þeim er skilað. Skjóðurnar okkar eru með eindæmum flottur efniviður til náms og leiks sem foreldrar unnu og mikilvægt að fara vel með þær svo við fáum að njóta þeirra sem lengst.



Foreldrafélag Krílakots og Kátakots Skólaárið 2014-2015

Harpa (Barri)
Katla (Anton Andri og Arnór Atli)
Guðríður (Hákon Bragi)
Júlíana (Einar)
Elíngunn (Írena Rut og Hilmir Þeyr)

Stöndum saman að velferð barna okkar

Grænfáni




Krílakot missti samninginn við hænsnabóndann sem fékk afgangana úr leikskólanum en matráður var ekki lengi að finna nýjan bónda svo nú fá hænur í Svarfaðardal nóg að borða.

Kátakot er nú að undirbúa að hætta með bréfpurrkur og nota klúta til að þerra hendur. Starfsfólk hefur verið að klippa niður gömul handklæði og hefst fljótlega saumaskapur og í kjölfarið munu allir nota klúta í stað bréfs til að þerra hendur. Hvert skref í átt til umhverfisverndar skiptir máli.

LAP

Viltu taka þátt í LAP verkefninu okkar. Endilega hafðu samband ef þú vilt vera með. Við byjum að hittast í febrúar. Nánari dagsetning auglýst síðar.

LINGUISTICALLY
APPROPRIATE
PRACTICE





Dagur leikskólans 2015

Kátakot

Börnin í Kátakoti syngja í Bergi klukkan 10:30

Börnin horfa á myndband að söng loknum.

Foreldrar velkomnir.

Myndband sýnt í Bergi

Myndband frá starfi leikskóla Dalvíkurbyggðar
Kátakoti, Krílakoti og Kötlu kotí í tilefni að degi leikskólans og
100 ára afmælis kosningaréttar kvenna 2015.

Myndbandið byggir á hugmyndum barna um kynjahlutverk og
einnig myndbrotum úr leik og starfi.

Allir velkomnir í Berg klukkan 10:30 -14:00.

Krílakot

Opið hús í Krílakoti frá 14-16 —Allir velkomnir

Stöðvavinna og allir geta rölt á milli svæða og tekið þátt í starfinu

Svæði í boði:

Myndband frá starfi leikskólanna sýnt á Appelsínugula

Hreyfing á Holi við Skýjaborg

Stóru plastkubbarnir á Skýjaborg

Tónlist/Læsi og myndsköpun á Hólakoti

Púsl og Söguskjóður á Skakkalandi

Litlir legókubbar á Bleika svæði

Perlur og Pinnar í Listasmiðju

Kaffi og meðlæti í boði foreldrafélagsins í salnum